

Skólaráð Gerðaskóla

fundur 30. október 2018 kl. 15:00

Mættir: Jón Ragnar Ástþórsson og Marta Zarska fulltrúar foreldra, Elsa Guðjónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Jóhann Helgi Björnsson fulltrúi nemenda, Sigurdís fulltrúi starfsfólks, Jóhanna Pálsdóttir og Guðrún Stefánsdóttir fulltrúar kennara, Guðjón Árni Antoníusson aðstoðarskólastjóri og Eva Björk Sveinsdóttir skólastjóri.

1. Skólanámskrá Gerðaskóla

Ráðið fékk skólanámskrána senda með fundarboði. Námskráin rædd. Fyrirspurn um þátt persónuverndar í námskránni. Skólastjóri hefur það í huga við gerð næstu námskrár. Skólanámskrá samþykkt af öllum aðilum.

2. Starfsáætlun Gerðaskóla

Ráðið fékk starfsáætlun skólaársins senda með fundarboði. Starfsáætlun rædd og samþykkt af öllum aðilum.

3. Heimasíða skólans

Eva Björk sagði frá því að heimasíðan er í endurskoðun og það er verið að setja fleiri upplýsingar þar inn.

4. Stækkun skólans

Eva Björk sagði frá fyrirhugaðri stækkun skólans í átt að íþróttahúsi. Næsta haust er von á að 1. bekkingar verði í 2 bekkjadeildum en 10. bekkur núna er bara einn bekkur. Því vantar skólastofu næsta vetur. Bæjarráð er að skoða stækkunina með tilliti til fjárhagsáætlunar næsta árs. Athugasemd kom um að muna eftir aðstöðu fyrir ræstingadót og vask í nýrri byggingu.

5. Skólalóðin

Eva Björk sagði frá því að í vor hafi arkitekt teiknað skólalóðina út frá eldri útgáfu. Bæjarráð er að skoða framkvæmdir á skólalóð með tilliti til fjárhagsáætlunar næsta árs. Stjórnendur vilja að aðkoma að skólanum sé í forgangi. Mikil hætta skapast þegar verið er að skutla og sækja nemendur í skólann.

6. Önnur mál

A. Eva Björk sagði frá Best í flestu leikunum. Það voru um 80 nemendur sem tóku þátt. Allt gekk mjög vel. Fólk var sammála um að gera þetta árlegt.

B. Eva Björk sagði frá því sem hefur verið á dagskrá síðustu daga: Starfsfólk skólans hafi farið á skyndihjálparnámskeið í október. Verið er að vinna við að skoða skólareglur og setja fram væntingar um hegðun á svæðum. Þetta verður kynnt fyrir nemendum um miðjan nóvember.

Kennarateymi er að skoða hvernig skólinn getur gert betur í endurvinnslu og flokkun.

Fyrir samskiptadaginn í október fengu allir blað heim um samþykki vegna myndatöku og birtingu mynda. Innköllun undirskifta hefur gengið mjög vel og eru nánast allir búnir að skila.

C. Eva Björk sagði frá því sem er framundan:

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember og þá verða nemendur með atriði á sal. Sjöundi bekkur fer í skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði 19. – 23. nóvember. Þorgrímur Þráinsson heimsækir nemendur í 10. bekk 27. nóvember. Hann verður svo með fyrirlestur um kvöldið fyrir foreldra. Fyrirlesturinn um kvöldið verður í samstarfi við Sandgerðisskóla.

Kennarar eru í reglulegu samstarfi við kennara í Sandgerði og Reykjanesbæ. Þá hittist fólk og ræðir ýmsar hugmyndir en inn á milli eru ýmsir fyrirlestrar.

D. Eva Björk sagði frá þróunarverkefnum sem unnið er að í vetur:

Þetta eru snillitímar á miðstigi. Friðgarður og kennsla með ípad.

E. Eva Björk sagði frá því að Sigrún deildastjóri stoðþjónustu er farin í fæðingarorlof. Guðbrandur Stefánsson hefur verið ráðinn inn fyrir hana. Inga Sif námsráðgjafi er einnig farin í fæðingarorlof og sinnir Laufey Erlendsdóttir hennar störfum á meðan.

F. Jón sagði frá bréfi sem hann fékk sent frá Heimili og skóla um nýju persónuverndarlögin. Einnig sagði hann að foreldrafélagið væri að fara að funda með bekkjarfulltrúum í næstu viku. Upplýsingar um foreldrafélagið eru komnar á heimasíðuna. Fyrirhugað er að vera með skemmtilega jólauppláttu á sal fyrir jól. Einnig hefur verið rætt að fara hugsanlega í leikhúsfærð með ákveðnum árgöngum. Foreldrafélagið hefur einnig hug á að fá góða fyrirlesara á skólaárinu.

G. Marta spurði út í fjölda pólskra nemenda við skólann. Hún sagðist hafa áhyggjur af íslenskufærni þeirra. Heimilin geta oft ekki hjálpað nemendum með heimanám fyrir íslensku. Eva Björk ætlar að kanna hvað hugsanlega er hægt að gera betur í þessum málum.

H. Jóhann sagði frá því að nemendafélagið væri að hittast reglulega. Fyrirhugað er að vera með myndlistarklúbb í frímínútum á þriðjudögum og keppnir í íþróttahúsinu á föstudögum. Hann sagði frá því að það væri áhugi fyrir því að skoða hvort hægt væri að breyta til varðandi skautafærðina og gera eitthvað annað. Nemendafélagið ætlar að ræða það betur.

Fundi slitið kl. 16:20